

Umhverfisstofnun
Áb. <u>BS</u>
11 JAN. 2005
54.52
Tilv. <u>UST2004/200055</u>



UST

Umhverfisstofnun

Skipulagsstofnun
Þóroddur F. Þóroddsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

10. janúar 2005
Tilvísun: UST20041200055/bs

Hringvegur 1-d9; Svínahraun-Hveradalabrekka, Sveitarfélaginu Ölfusi. Breyting á Þrengslavegamótum, matsskylda

Mislæg vegamót Þrengslavegar sem Vegagerðin tilkynnti Skipulagsstofnun með bréfi 30. nóvember 2004 er breyting á þeirri framkvæmd sem Vegagerðin tilkynnti Skipulagsstofnun 5. maí 2003. Skipulagsstofnun úrskurðaði með bréfi dags. 5. júní 2003 að sú framkvæmd skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Með bréfi dags. 21. desember 2004 óskaði Umhverfisstofnun eftir frekari upplýsingum um ofangreinda framkvæmd þar sem stofnunin taldi að frekari upplýsinga væri þörf til að unnt væri að gefa álit á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Svör bárust frá Vegagerðinni með tölvubréfi 27. desember 2004. Þar kemur m.a. fram að vegna fyrirhugaðra breytinga á Þrengslavegamótum muni þurfa um 8000 m³ af fyllingaeftni til viðbótar þeim 130.000 m³ sem áætlað er að þurfi vegna framkvæmdarinnar í heild auk þess sem um 21.000 m² svæði í hrauni verður raskað vegna breytingarinnar.

Umhverfisstofnun telur að upplýsingar um fyrirhugaða vegagerð á Hringvegi 1-d9 hafi verið í rýrara lagi og vart í samræmi við 10. gr. reglugerðar nr. 67/2000 um mat á umhverfisáhrifum, t.d. hvað varðar náttúruvarnir.

Fyrirhuguð framkvæmd er innan svæðis nr. 753 á náttúruminjaskrá, Eldborgir við Lambafell. Um er að ræða eldvörpin, hrauntraðirnar frá þeim ásamt hrauninu umhverfis. Hraunið fellur jafnframt undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd sem jarðmyndun sem njóta skal sérstakrar verndar.

Hrauni á þessu svæði hefur þegar verið raskað við gerð núverandi vegar og annarra mannvirkja. Að vísu eru mislæg vegamót plássfrekari en stefnugreind vegamót. Framkvæmdarsvæði mislægra vegamóta er að mestu við og á vegsvæði og ekki þarf að byggja þau meira upp úr landi en stefnugreind vegamót.


Umhverfisstofnun hefur í bréfi dags. 21. maí sl. bent á nauðsyn þess að vernda þann hluta hraunsins sem enn er óraskaður. Í tölvubréfi dags. 14. desember 2004 frá Vegagerðinni segir m.a. um fyrirhugaða framkvæmd: „Það er ætlun Vegagerðarinnar að halda mannvirkjagerð í algeru lágmarki. Skeringar vegna framkvæmdarinnar verða mjög litlar og ekki verður farið með vinnuvélar út fyrir skilgreint framkvæmdarsvæði.“ Umhverfisstofnun telur að hanna eigi


yfirborð skeringa þannig að þær falli sem best að formum nánasta umhverfis og að yfirborð þeirra gagnist grenndargróðri sem best. Stofnunin telur einnig að fjarlægja ætti aflagða hluta eldri vegar.

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að teknu tilliti til umfangs framkvæmdarinnar að breyting á Þrengslavegamótum muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Umhverfisstofnun minnir á að leita skal umsagnar stofnunarinnar um framkvæmdina skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd áður en framkvæmdaleyfi er veitt.

Virðingarfyllst,


Björn Stefánsson


Stefán Einarsson

Afrit: Sveitarfélagið Ölfus